Nr. 54.
20.
des.

Lög

um

sölu þjóðjarðar.

Vjer Christian hinn Níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja ábúandanum þjóðjörðina Horn í Nesjahreppi í Austur-Skaptafellssýslu fyrir að minnsta kosti 4000 kr.

2. gr.

Landshöfðingi gerir þær ráðstafanir, sem með þarf, um sölu á ofannefndri jörð.

3. gr.

Fjórðungur kaupverðsins greiðist um leið og kaupbrjef er gefið út fyrir jörðunni. Hinir þrír fjórðungar kaupverðsins greiðist á 28 árum með 6% í vexti og afborgun. Hin selda jörð skal standa sem veð fyrir því, sem ólokið er af andvirðinu, með fyrsta veðrjetti, þangað til jarðarverðið er greitt að fullu. Kaupandi gefur út skuldabrjef fyrir þeim hluta jarðarverðsins, sem ekki er greiddur, um leið og kaupin eru gjörð, og skal það samið eins og skuldabrjef, sem gefin eru út fyrir ómyndugrafje.

4. gr.

Heimild sú, er til sölu þessarar er veitt, gildir aðeins til 31. desember 1904.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 20. desember 1901.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Nr. 54.
20de
Decbr.

Lov

om

Afhændelse af en Landskassen tilhørende Jord.

Vi Christian den Niende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Ministeren for Island bemyndiges til at afhænde til Brugeren den Landskassen tilhørende Jord Horn i Nesja Rep i Øster Skaptafell Syssel for en Købesum af mindst 4000 Kr.

§ 2.

Landshøvdingen foranstalter det fornødne til fornævnte Jords Afhændelse.

§ 3.

Af Købesummen udredes en Fjerdedel ved Skødets Udstedelse; de tilbagestaaende tre Fjerdedele forrentes og afdrages med 6 pCt. i 28 Aar. Den afhændede Ejendom hæfter med 1ste Prioritet for den Del af Købesummen, som henstaar ubetalt, indtil den hele Købesum er erlagt. For den Del af Købesummen, som ikke erlægges ved Købets Afslutning, udsteder Køberen en Forskrivning affattet som Forskrivning for umyndiges Midler.

§ 4.

Den til Afhændelsen givne Bemyndigelse gælder kun til 31te December 1904.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 20de December 1901.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

Alberti.

Ministeriet for Island, den 20de December 1901.

Alberti.

Ólafur Halldórsson.